

Mál nr. 222/2018**M og
vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um gildissvið vátryggingarskilmála vegna dómsmáls.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.7.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.8.2018, ásamt úrskurði í máli nefndarinnar nr. 56/2018.

Málsatvik.

M var aðili að dómsmáli sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 828/2015 hinn 13. október 2016. Í því máli voru M dæmdar svokallaðar efnabætur vegna ólögþætrar riftunar starfslokasamnings sem hún gerði við vinnuveitanda sinn á árinu 2013 og rift var í byrjun árs 2014. M telur að greiða eigi bætur vegna málskostnaðar úr vátryggingu hennar hjá V vegna umrædds málareksturs.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar í fyrsta lagi til þess að ágreiningur í dómsmálinu hafi varðað starfslokasamning M og þar af leiðandi eigi við undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum, nánar tiltekið í gr. 25.5 þar sem segi að málskostnaðartrygging greiði ekki bætur vegna ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. Einnig vísar V til þess að ágreiningur í málinu hafi komið upp á árinu 2014 en með vísan til ákvæðis í sameiginlegum skilmálum fjölskyldutryggingar þá hafi vátryggður eitt ár frá því að hann vissi um atvik sem krafa hans um bætur er reist á til þess að tilkynna V um tjóni. V vísar til þess að ákvæði skilmála um árs tímafrest til tilkynningar tjóns eigi stöð í 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M vísar til þess í málskoti sínu að dómsmál það sem hún hafi þurft að höfða hafi snúist um efnabætur og að hún hafi ekki verið launþegi eða haft með höndum atvinnurekstur sem og að hún hafi ekki vitað um vátryggingu sína vegna málskostnaðar fyrr en henni hafi verið bent á hana af lögmanni og þá hafi hún strax tilkynnt um tjónið til V.

Álit.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í skilmálunum eru ýmis tilvik undanþegin bótaskyldu, þ. á m. málskostnað vegna ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs, sbr. gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V. Ágreiningur í dómsmáli því sem M höfðaði og dæmt var í Hæstarétti 13. október 2016 snerist um það hvort starfslokasamningi M við vinnuveitanda hennar hefði verið rift með ólögþættum hætti og hún ætti rétt á efnabótum þess vegna. Starfslokasamningurinn var gerður vegna starfs M hjá vinnuveitandanum og er því eingöngu gerður vegna atvinnu hennar. Verður að telja að sá ágreiningur sem tengist efnabótum starfslokasamnings sé í tengslum við atvinnu vátryggðs í skilningi fyrirnefnds undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu M hjá V og ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um tjónstilkynningarfræst í skilningi 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 18. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.